

Höfundaréttarfélag Íslands

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 15.5. 2015

Höfundaréttarfélag Íslands vill undirstrika mikilvægi frumvarps til breytinga á höfundalögum sem fjallar um endurskoðun á I. kafla höfundalaga og um samningskvaðir sem er að finna í II. kafla höfundalaga.

Í fyrsta lagi er endurskoðun I. kafla, sem lýtur að því að uppfæra og samræma orðalag á þeim skilgreiningum um inntak höfundaréttar sem þar er að finna. Sú uppfærsla og samræming er mikilvæg. Fyrst til að skýra nánar inntak höfundaréttar og sérstaklega til að undirstrika að það á við bæði í hliðrænum og stafrænum heimi. Jafnframt er hér tryggt að samræmi sé á milli orðalags þeirra ákvæða og tilskipunar 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu, sem fellur undir EES samninginn. Við samræmingu orðalags í frumvarpinu var stuðst við sambærilegt orðalag í norrænni löggjöf.

Í öðru lagi lýtur endurskoðunin að því að samræma núgildandi ákvæði höfundalaga um samningskvaðir, leggja til fleiri samningskvaðaákvæði og tryggja enn frekar rétt utanfélagsmanna rétthafasamtaka sem bundnir eru af samningum sem falla undir samningskvaðaákvæði. Eins og segir í frumvarpinu er með samningskvöð:

... átt við það að ákveðið er með lögum að notendum verka sem varin eru af höfundarétti, sem gert hafa samning við höfundaréttarsamtök um notkun á verkum aðildarfélaga/félagsmanna þeirra (t.d. með ljósrítun), skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan samtakanna enda séu verkin sömu tegundar og verk sem samningurinn tekur til og notkunin að öðru leyti háð ákvæðum samningsins. Þetta fyrirkomulag auðveldar notkun verka, til hagsbóta fyrir rétthafa og notendur, í þeim tilvikum sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða.

Samningskvaðir tryggja aðgang notenda, sérstaklega millinotenda eins og útvarpsstöðva, safna og menntastofnana að höfundaréttarvernduðum verkum, og þessir millinotendur geta síðan miðlað verkunum til almennings löglega, og jafnframt tryggja þær sanngjarnt endurgjald til höfunda og annarra rétthafa. Samningskvaðir eru gagnlegar á sviðum þar sem of dýrt er fyrir notendur verka að semja á einstaklingsgrundvelli við höfunda og aðra rétthafa vegna fjölda verka sem nota þarf, t.d. vegna spilunar tónlistar í útvarpi. Með þeim breytingum sem lagðar eru til á samningskvaðaákvæðum er verið að tryggja samræmi í notkun samningskvaða á mismunandi sviðum og jafnframt að tryggja enn betur rétt utanfélagsmanna. Ennfremur er verið að leggja til að unnt sé að semja á grundvelli samningskvaðar á fleiri sviðum, m.a. til að gefa bókasöfnum og öðrum söfnum tækifæri til að nota verk t.d. á netinu, hvort sem rétthafar þeirra eru þekktir eða ekki, til að auðvelda útvarpsstöðvum að endurnýta verk frá eldri útsendingum sínum og til eintakagerðar útsendinga útvarps (hljóð- og sjónvarps) fyrir blinda, sjón-og heyrnarskerta.

Höfundaréttarfélag Íslands telur mikla réttarbót felast í frumvarpinu og verði það að lögum sé þar með tryggður aukinn aðgangur almennings að höfundaréttarvörðum verkum og jafnframt að höfundar og aðrir rétthafar fái sanngjarnt endurgjald fyrir sitt framlag til menningar og lista í landinu.

F.h. Höfundaréttarfélags Íslands


Gunnar Guðmundsson formaður